

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, Rvk.

Alþingi
Erindi nr. P 130/1288
komudagur 10.3.2004


Reykjavík 07. mars 2004

Óskað er umsagnar Augnlæknafélags Íslands vegna frumvarps til laga um þjónustu-og endurhæfingarstöð sjónskertra, 100. mál, þjónusta við börn, endurgreiðslur.

Augnlæknafélag Íslands fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu-og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess að skjóta lagastöðum undir endurgreiðslu til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni. Í raun er einnig verið að víkka út hugtakið “ í lækningaskyni” þar sem nærsýnir og þeir sem eru með sjónskekkju eða blöndu af hvoru tveggju koma nú inn í dæmið sem félagslegur sjúkdómur. Auk þess er verið að hækka aldursmörk úr yngri en 16 ára í yngri en 18 ára. Frumvarpið nær þannig til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem leitt gætu til mismununar.

Virðingarfyllt



Kristján Þórðarson, formaður Augnlæknafélgs Íslands

Þorkell Sigurðsson, gjaldkeri Augnlæknafélgs Íslands

Eydís Ólafsdóttir, ritari Augnlæknafélgs Íslands